

Nd.

278. Nefndarálit

í málinu: Frumvarp til laga um afhendingu á landi til stækkunar á kirkjugarðinum í Reykjavík.

Nefndin hefir íhugað málið á mörgum fundum, og auk þess gengið á staðinn og athugað staðhætti við kirkjugarðinn hér í Reykjavík.

Það er augljóst, að kirkjugarður sá, sem er nú, er nær útgrafinn.

Nefndin átti tal við Bjarna Matthíasson hringjara, sem er umsjónarmaður kirkjugarðsins. Tjáði hann nefndinni, að sá hluti, sem eftir væri ógrafinn af garðinum, mundi eigi endast lengur en fram á næsta haust, fram undir nýár. Mun þetta vera á rjettum rökum byggt.

Nefndin álitur því bráða nauðsyn bera til, að aukið verði við kirkjugarðinn.

Sú spurning var vakin í nefndinni, hvort landssjóði bæri að kosta aukning kirkjugarðsins. Eftir rækilega íhugun komst nefndin að þeirri niðurstöðu, að það gæti eigi verið vafamál, að landssjóði bæri að kosta aukninguna. Samkvæmt lögum um kirkjugarða frá 8. nóv. 1901 ber kirkjueiganda að leggja til land undir kirkjugarð. Landssjóður er eigandi Reykjavíkurkirkju og hann hefir eigi, hvorki með samningum, löggjöf eða á annan hátt, verið leystur frá skyldunni að leggja til land undir kirkjugarðinn. Enda hefir landsjóður lagt til landið undir garðinn, bæði er núverandi kirkjugarður var fyrst settur á fót (sbr. konungsrsk. frá ²⁸/₄ 1837), og er hann síðar var aukinn (sbr. fjárlög 1903, 13. gr. A, 8).

Nefndin litur svo á, að fá verði land það, sem liggur að kirkjugarðinum að vestanverðu, til aukningar garðinum. Land það er hið svonefnda Nýjatún og svo dálítill skák af öðru landi. Að Nýjatúni eru margir sameigendur. Hefir eigi hingað til getað orðið samkomulag milli þeirra um það, hverju verði þeir vilji láta af hendi land undir garðinn, ef til þarf að taka. Meðal annars af þeim ástæðum, þarf eignarnámsheimild þá, sem farið er fram á í frumv.

Ef taka ætti nú land, sem entist um mjög langan tíma, (t. d. 40--50 ár) með þeirri greftrunaræðferð og greftrunarþörf, sem nú er og heldur fer í vöxt, eftir því, sem bærinn stækkar, mundi eigi af veita að tekið væri allt Nýjatúnið, sem mun vera kringum 12 dagsláttur, eða sem næst 100,000 ferálnum. Má búast við, að það mundi kosta afarmikla fjárhæð.

En bæði er það, að til tals gæti komið, að heppilegra væri, að skifta kirkjugarðinum, leggja nýjan kirkjugarð á öðrum stað í bænum, eða við bæinn, og svo hitt, að ef til vill þætti tiltækilegt, að leggja niður þá greftrunaræðferð, sem nú er höfð, og taka upp líkbrenslu í staðinn. Af þessum ástæðum telur nefndin heppilegt, að stækkunarheimildin sje í þetta skifti takmörkuð nokkuð.

Um líkbrenslu skal það sjerstaklega tekið fram, að nefndin er öll á einu máli um það, að æskilegt sje, að hjer verði komið á líkbrenslu sem allra fyrst. Nefndin hefir látið spyrjast fyrir í útlöndum, símléiðis, um hve mikið kosta mundi að koma upp slíkri líkbrenslustofnun hjer. Samkvæmt því svári, sem nefndinni hefir borist úr ábyggilegum stað, mun kostnaður þessi verða um 30,000 krónur; af þeirri upphæð kostar brensluofninn sjálfur 10,000 kr.; hitt nauðsynlegar byggingar. Kostnaður við brenslu á hverju líki mundi ekki verða meiri en við greftrun, eins og nú er hún framkvæmd; byggir nefndin það meðal annars á skýrslum, sem landlæknir hefir aflað sjer um þetta efni.

Þótt nefndin sje nú á því máli, að æskilegt sje að koma á líkbrenslu hjer sem fyrst, þá telur hún þó það mál eigi svo vel undirbúið, að þetta þing geti tekið nokkra endanlega ákvörðun um það. En nefndin ber fram þings-

ályktunartillögu um, að skora á stjórnina, að undirbúa málið fyrir næsta alþingi og koma þá fram með lög um líkbrenslu og líkbrenslustofnun hjer í Reykjavík. Nefndin gerir ráð fyrir því, að í þeim lögum verði eigi ákveðin skyldubrensla á öllum líkum hjer í Reykjavík; telur sjálfsagt, að tekið sje tillit til tilfinninga og hugsana þeirra, sem af trúarástæðum, eða öðrum ástæðum, hafa á móti líkbrenslu. En hins vegar vill nefndin beina því til stjórnarinnar, að ákveðin verði í slíku lagafrumvarpi, að brenna skuli öll lík hjer í Reykjavík, nema hinn látni hafi látið uppi ósk um, að verða eigi brendur, eða nánasti eftirlifandi vandamaður hins látna óski, að líkið verði ekki brent.

Af ástæðum þeim, er að framan greinir, vill nefndin leggja til, að eigi verði með frumvarpinu heimilað að taka meira land undir kirkjugarð nú en alt að 2 dagsláttum; nefndin gerir ráð fyrir, að hver dagslátt muni rúma h. u. b. 1000 eins manns grafir og 2 dagsláttur því endast 8–9 ár með þeirri greftrunaráðferð og þeim andlátafjölda, sem nú er hjer í bænum. Sumir í nefndinni vilja þó, að stjórnin reyni að ná kaupþilboði á öllu Nýjatúninu fyrir hæfilegt verð, og mætti þá leggja undir úrskurð næsta alþingis, hvort keypt skyldi alt túnið, og hafa hinir nefndarmennirnir viljað fallast á, að það sje reynt.

Þótt svo lítið sje tekið í einu, hefir aukning kirkjugarðsins í för með sjer talsverðan kostnað fyrir landssjóð, án þess að hann fái nokkuð í aðra hönd nú síðan legkaup var úr lögum numið með sóknargjaldalögum frá 1909. Meiri hluti nefndarinnar álitur sanngjarnt, að um leið og lögð eru á landssjóð þau útgjöld, sem eru samfara kirkjugarðsaukningunni, sje lagt á legkaup, sem eigi sje tilfinnanlega hátt.

Í samræmi við það, sem að framan greinir, leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum, sem hjer fara á eftir.

BREYTINGARTILLÖGUR

við frv. til laga um afhendingu á landi til stækkunar á kirkjugarðinum í Reykjavík:

1. 1. málsg. 2. greinar orðist svo:

Ráðherra Íslands, í samráði við biskup, ákveður, hve nær eignarnám skuli fram fara, hvar land skuli tekið, og hve mikið, þó eigi meira en 2 dagsláttur.

2. Við frumvarpið bætist ný grein, er verði 3. grein, svohljóðandi:

Legkaup skal greiða fyrir þá, sem grafnir eru í Reykjavíkirkjugarði, 2 krónur fyrir börn yngri en 1 árs, en 4 krónur fyrir aðra. Legkaupið rennur í landssjóð.

Enn fremur ber nefndin fram sjerstaka þingsályktunartillögu um lík-
brenslu á þingskj. 279.

Alþingi 29. júlí 1914.

Jón Magnússon,
formaður.

Sveinn Björnsson,
skrifari og framsögumaður.

Einar Arnórsson.

Benedikt Sveinsson.

Björn Hallsson.

Pjetur Jónsson.

Sigurður Sigurðsson.